

L ö g

Nr. 20.
2.
nóvbr.

um sandgræðslu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórnin hefir yfirstjórn sandgræðslumála í landinu. En öll forstjórn opinberra ráðstafana til sandgræðslu og varna gegn sandfoki eða uppblæstri lands, skal falin Búnaðarfjelagi Íslands.

2. gr.

Heimilt er landsstjórninni að láta girða uppblásin svæði, sem uppblásturshætta getur stafað af, í þeim tilgangi, að þar verði unnið að sandgræðslu, bæði til þess að græða þau svæði að fullu og til þess að koma í veg fyrir, að uppblásturinn færist út. Allan þann tíma, sem að sandgræðslunni er unnið, hefir landsstjórnin full umráð yfir slíku svæði, og getur eigandi eða sá, er afnotarjett hefir yfir svæðinu, eigi krafist endurgjalds fyrir þau afnot, sem hann annars kynni að hafa af því.

3. gr.

Stjórnarráðið með samráði við sýslunefndir þær, er hlut eiga að máli, og eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands, ákveður, hvar svæði skuli tekin til girðingar og sandgræðslu. Sá, er óskar að fá girt uppblásið svæði í landeign sinni, sendir Búnaðarfjelinu beiðni um það, og lætur fylgja ítarlegar skýrslur um ástæður allar.

Þau svæði skulu að öðru jöfnu vera látin ganga fyrir, þar sem eigendur eða aðrir, þeir er að standa, vilja sjálfir leggja fram fje nokkurt til girðingarinnar.

4. gr.

Kostnað við girðing, umfram það er eigandi eða aðrir, þeir er að standa, leggja fram, skal greiða úr landssjóði að $\frac{3}{4}$, en úr sýslusjóði að $\frac{1}{4}$. Á sama hátt skal greiða kostnaðinn við viðhald girðingarinnar þar til er fram er farin afhending sú, sem getur um í 8. gr.

5. gr.

Á þeirri jörð, þar sem sandgræðsla fer fram, er þeim, er umsjón hafa með verkinu fyrir hönd landsstjórnarinnar, heimilt að taka endurgjaldslaust það efni, sem nota má við sandgræðsluna, svo sem grjót, grassvörð, hris, víðikvisti og lyng, valdi það engum landsspjöllum. Sje hinsvegar um landsspjöll að ræða, og krefjist eigandi eða nothafi bóta fyrir þau, má greiða þær eftir mati óvilhallra manna.

6. gr.

Ef einstakir menn setja girðingar fast við sandgræðslugirðinguna, skulu hlið vera á þeim, eigi fjær henni en 40 metra, svo að ganga megi tálmunarlaust kring um alt sandgræðslusvæðið til eftirlits.

7. gr.

Ekki má óupphleyptur vegur liggja um girt sandgræðslusvæði, og ekki svo nærri girðingunni, utanvert við hana, að umferðin geti valdið þar uppblæstri. Ef af þessum

Nr. 20. ástæðum þarf að breyta um veg, eða gera upphleyptan veg, skal kostnaðinn við það
 2. greiða á sama hátt sem girðingarkostnaðinn.
 nóvbr.

8. gr.

Þá er sandfokið er heft og svæðið gróið upp, fær eigandi umráð yfir því aftur, en skylt er honum að hlíta reglum þeim um notkun þess, er stjórnarráðið setur eftir tillögum Búnaðarfjelags Íslands til varnar því, að uppblásturinn byrji af nýju. Landeigandi eignast þá og girðinguna, en er síðan skyldur til að halda henni við á sinn kostnað, þar til stjórnarráðið kann að gefa leyfi til að taka hana upp, af því að svæðið er orðið svo vel gróið, að full vissa þykir um það, að uppblásturinn byrji ekki af nýju.

9. gr.

Ef uppblástur skyldi byrja af nýju eftir að eigandi hefir aftur fengið svæðið til umráða, samkvæmt 8. gr., þá er honum skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema hann sanni, að uppblásturinn sje að engu leyti meðferð hans að kenna, og vanræki hann það, hefir landsstjórnin rjett til að láta vinna verkið á hans kostnað.

10. gr.

Búnaðarfjelag Íslands skal hafa yfirumsjón með sandgræðslusvæðunum og girðingunum um þau, einnig eftir það að þau eru afhent eiganda til umráða. En hreppstjóri skal hafa eftirlit með þeim. Ef girðing skemmist áður en svæðið er afhent eiganda til umráða, skal eigandi jarðarinnar eða ábúandi skýra hreppstjóra tafarlaust frá skemduunum, og er þá hreppstjóra skylt að sjá um, að gert verði við girðinguna svo fljótt sem hægt er, en ábúandi skal verja svæðið fyrir ágangi af skepnum á meðan. Verði hreppstjóri þess var, að ábótavant sje meðferð sandgræðslusvæðisins eða að aftur sje farið að votta fyrir uppblæstri á því, eftir að það er gróið, skal hann gjöra Búnaðarfjelaginu aðvart um það svo fljótt sem kostur er. Um árslok sendir Búnaðarfjelagið landsstjórninni skýrslu um það, hvernig sandgræðslugirðingar og sandgræðslusvæðin hafist við, og í hvaða ástandi þau sjeu nú.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til landssjóðs, 5 til 100 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum. Með mál út af þeim skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði laga nr. 54 frá 22. nóv. 1907 um afskifti forstjóra skógræktarmála og skógværða af sandgræðslumálum og uppblæstri landsins.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.